

Fréttatilkynning:**Hagar hf. árshlutauppgjör Q3 // mars 2013 – nóvember 2013**

Árshlutareikningur Haga fyrir þriðja ársfjórðung 2013/14 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 10. janúar 2014. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2013 til 30. nóvember 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 2.773 millj. kr.
- Vörusala tímabilsins nam 55.790 millj. kr.
- Framlegð tímabilsins var 24,2%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 4.236 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 26.632 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 2.514 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 10.918 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárlutfall var 41,0% í lok tímabilsins.

Vörusala tímabilsins nam 55.790 milljónum króna, samanborið við 52.314 milljónir króna árið áður. Söluaukning félagsins er 6,6%. Hækkun 9 mánaða meðaltals vísitölu neysluverðs milli rekstrarára var 3,7%. Framlegð félagsins var 13.527 milljónir króna, samanborið við 12.585 milljónir króna árið áður eða 24,2% samanborið við 24,1%. Rekstrarkostnaður í heild hækkar um 2,5% milli ára en kostnaðarlutfallið lækkar úr 17,5% í 16,8%.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 4.236 milljónum króna, samanborið við 3.546 milljónir króna árið áður. EBITDA framlegð var 7,6%, samanborið við 6,8% árið áður.

Hagnaður tímabilsins fyrir skatta nam 3.475 milljónum króna, samanborið við 2.612 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 2.773 milljónum króna á tímabilinu eða tæplega 5,0% af veltu. Hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 2.063 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 26.632 milljónum króna. Fastafjármunir voru 12.733 milljónir króna og veltufjármunir 13.899 milljónir króna. Þar af eru birgðir 6.432 milljónir króna. Hækkun birgða frá lokum febrúar skýrist að mestu með birgðasöfnun vegna jólavertíðar. Birgðir á sama tíma í fyrra námu 5.963 milljónum króna sem nemur 7,9% hækkun milli ára.

Eigið fé félagsins var 10.918 milljónir króna í lok tímabilsins og eiginfjárlutfall 41,0%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 15.714 milljónir króna, þar af voru langtímaskuldir 7.156 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok tímabilsins voru 4.474 milljónir króna en 1.500 milljónir króna voru greiddar inn á langtímalán félagsins umfram lánsþáning á tímabilinu, þar af 1.000 milljónir á þriðja ársfjórðungi.

Handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 2.437 milljónum króna, samanborið við 2.750 milljónir króna á fyrra ári. Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru 324 milljónir króna og

fjármögnunarhreyfingar 2.546 milljónir króna. Handbært fé í lok tímabilsins var 2.514 milljónir króna, samanborið við 2.590 milljónir króna árið áður.

Framtíðarhorfur:

Rekstur á þriðja ársfjórðungi rekstrarársins 2013/14 var umfram áætlanir félagsins og betri en á sama tímabili í fyrra. Horfur í rekstri eru góðar líkt og verið hefur og mun áframhaldandi vinna eiga sér stað við að bæta kostnaðarhlutföll, aðfangakeðjuna sem og fleiri þætti er varða innri málefni félagsins.

Matvöruverslanir Haga munu á næstu dögum lækka verð á nokkur hundruð vöruliðum um að meðaltali 2-3%. Um er að ræða vörur sem verslanirnar flytja beint inn frá erlendum birgjum og er þar nýtt það svigrúm sem styrking krónunnar gefur til verðlækkunar.

Hluti starfsemi vöruhúss Aðfanga mun flytja sig um set á vormánuðum þar sem á síðasta ári voru fest kaup á fasteign við Skútuvog 5 í Reykjavík. Um er að ræða kæli- og frystivörugeymslu vöruhússins en hún var áður í leiguhúsnæði við Brúarvog í Reykjavík. Auk þess mun hefjast vinna við að undirbúa byggingu nýs vöruhúss Banana en félagið hefur fest kaup á lóð við Korngarða 1 í Reykjavík. Samhliða þessu mun félagið halda áfram að skoða nýja fjárfestingakosti í kjarnastarfsemi sinni, nýjar staðsetningar, vinna í að fækka óhagkvæmum fermetrum auk þess að stefna að áframhaldandi niðurgreiðslu skulda.

Fjárhagsdagatal 2013/14:

4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): 15. maí 2014

Aðalfundur 5. júní 2014

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Árshlutareikningur Haga hf. Q3 // mars 2013 – nóvember 2013
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

	2013	2012	2013	2012
	Q3	Q3	1.3-30.11	1.3-30.11
Vörusala	17.997	16.745	55.790	52.314
KSV	(13.584)	(12.785)	(42.263)	(39.729)
Heildarframlegð	4.413	3.960	13.527	12.585
Aðrar tekjur	38	52	106	128
Laun og launatengd gjöld	(1.594)	(1.518)	(4.710)	(4.563)
Annar rekstrarkostnaður	(1.623)	(1.580)	(4.687)	(4.604)
EBITDA	1.234	914	4.236	3.546
Afskriftir	(161)	(149)	(488)	(514)
EBIT	1.073	765	3.748	3.032
Fjármunatekjur (-gjöld)	(64)	(119)	(273)	(420)
Hagnaður fyrir skatta	1.009	646	3.475	2.612
Tekjuskattur	(209)	(137)	(702)	(549)
Hagnaður tímabilsins	800	509	2.773	2.063

Efnahagsreikningur

	30.11.2013	28.02.2013
Eignir		
Fastafjármunir	12.733	12.875
Veltufjármunir	13.899	12.839
Eignir samtals	26.632	25.714
Eigið fé og skuldir		
Hlutafé	1.172	1.172
Annað eigið fé	9.746	7.559
Eigið fé samtals	10.918	8.731
Langtímaskuldir	7.156	8.948
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	669	667
Aðrar skammtímaskuldir	7.889	7.368
Skuldir samtals	15.714	16.983
Eigið fé og skuldir samtals	26.632	25.714

Sjóðstreymi

	2013	2012	2013	2012
	Q3	Q3	1.3-30.11	1.3-30.11
Handbært fé frá rekstri	(88)	475	2.437	2.750
Fjárfestingarhreyfingar	(117)	(662)	(324)	(797)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.135)	(166)	(2.546)	(1.512)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.340)	(353)	(433)	441
Handbært fé í byrjun tímabils	3.854	2.943	2.947	2.149
Handbært fé í lok tímabils	2.514	2.590	2.514	2.590

Breytingar á eigin fé

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2013	1.172	1.272	6.286	8.731
Greiddur arður			(586)	(586)
Hagnaður tímabilsins			2.773	2.773
Eigið fé 30. nóvember 2013	1.172	1.272	8.473	10.918